

Skólaráð Hörðuvallaskóla

4. fundur skólaársins 2018-2019, haldinn 22. nóvember 2018

Skólastjóri: Ágúst Frímann Jakobsson
Fulltrúar foreldra: Heiðar Ásberg Atlason, Arnar Björnsson
Fulltrúi grenndarsamfélags: Freygerður Ólafsdóttir
Fulltrúar kennara: Alma Ernstdóttir
Fulltrúi starfsmanna: Sigríður Einarsdóttir
Fulltrúar nemenda: Kolviður Sævar Backman

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Húsnæði og lóð

Varðandi erindi sem sent var í kjölfar síðasta fundar um félagsaðstöðu nemenda er það að segja að beðið er niðurstöðu fjárhagsáætlunar. Vinna við körfuboltavöll er enn í gangi og líður að lokum þeirra framkvæmda. Slönguspil á skólalóð í Baugakór er komið. Framkvæmdum við bókasafnið í Baugakór lokið utan smávægilegan frágang. Búið er að bæta við og tengja þrjár myndavélar til viðbótar við þær sem fyrir voru.

2. Desemberhefðir

Umræða um hefðir desembermánaðar. Á unglिंगastigi er áhugi meðal bæði starfsmanna og nemenda að sleppa hugvekju prests. Skólaráð gerir ekki athugasemdir við það en gaman væri að finna eitthvað þess í stað sem „fangar jólaandann“. Vísað til nemendaráðs. Nemendur á unglिंगastigi biðjast undan að dansa kringum jólatréð. Það mál er í skoðun. Gaman að geta þess að forseti Íslands mun heiðra skólasamfélagið með nærveru sinni á fullveldishátíðinni sem fram fer 3. desember.

3. Ferilmöppur

Umræður um framtíðarfyrirkomulag á ferilmöppum, þ.e. hvort færa skuli ferilmöppur á rafrænt form a.m.k. að hluta. Fram kom að foreldrum þykir vænt um möppukerfið.

4. Niðurstöður kannana

Kynntar niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. 4. bekkur er yfir landsmeðaltali í bæði íslensku og stærðfræði en 7. bekkur á landsmeðaltalinu. Einnig skoðaðar niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins fyrir fyrstu tvo mánuði ársins sem eru mjög jákvæðar.

5. Önnur mál

Umræður um daga sem hvetja til óæskilegrar hegðunar sbr. „kick the ginger“ day. Spurning um að virkja nemendaráð til að vera vakandi fyrir dögum af þessu tagi sem geta skotið upp kollinum án þess að fullorðna fólk sé nægilega upplýst um það.

Næsti fundur áformaður 17. janúar.